

Breytingartillögur frá stjórn Blaksambands Íslands

1. Breytingartillaga við framkomna reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands.

Viðbót við reglugerð við lið 4. *Viðurlög við brotum á reglunum*

4.1

Kæru rétt hafa þeir aðilar sem hafa almennt kæru rétt samkvæmt reglugerð um Aga- og úrskurðanefnd. Auk þess hefur stjórn og starfsfólk BLÍ rétt til kæru ásamt starfsmönnum leiksins. Að öðru leiti er vísað til reglugerðar um Aga- og úrskurðanefnd.

2. Breytingartillaga við framkomna reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands.

Breyting á orðalagi um heiti á reglugerð

Núverandi orðalag:

Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands

Tillaga að breytingu

Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og **bikarkeppni** hjá Blaksambandi Íslands

3. Breytingartillaga við framkomna reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands

1.1. Gildissvið reglugerðarinnar

Þessi reglugerð gildir um alla leikmenn sem taka þátt í efstu deild Íslandsmótsins í blaki og **bikarkeppni Blaksambands Íslands** og skilgreinir hvað telst sem íslenskur leikmaður.

4. Breytingartillaga við framkomna reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands

2. Skilgreining á íslenskum leikmanni

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem hefur leikið keppnisleik á Íslandi fyrir **við** 14 ára aldur telst sem íslenskur leikmaður, samkvæmt reglum FIVB í lið 2. 1.

5. Breytingartillaga við framkomna reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands.

4. Viðurlög við brotum á reglunum

Ef lið teftir fram færri en þremur íslenskum leikmönnum á veltinum í leik brýtur gegn grein 3.1. í reglugerð þessari verða eftirfarandi viðurlög virk:

- **Fyrsta brot:** 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 75.000 ISK sekt.
- **Annað brot:** 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 150.000 ISK sekt.
- **Þriðja brot:** Lið getur verið verður dæmt úr leik í mótinu.

Ef brot á reglunni á sér stað í úrslitaleik eða úrslitakeppni, er sektin tvöfölduð.